## í spegli tímans

# MEN AT WORK eru svo sannarlega búnir að fá vinnu



■ Áströlsku rokkstjörnurnar, sem eru á góðri leið með að sigra heiminn. Talið f.v.: Ron, sem í félagi við Colin semur mest af efni hljómsveitarinnar. Greg, fyrrum félagi í drengjakór kirkju sinnar. Hann leikur á saxófón og flautu. Aðalsöngvarinn Colin, driffjöðrin í hljómsveitinni. Jerry, sem stundaði vísindanám við háskóla áður en hann gerðist trommuleikari. John, fyrrum tónmenntakennari, en nú bassaleikari og draumóramaður.

■ Þegar ástralska rokkhljómsveitin Men At Work hélt sína fyrstu tónleika í London í desember sl., hlaut hún þann dóm eins af þekktustu popp-gagnrýnendum þarlendum, að tónlistin þeirra væri „ólýsanlega andstyggileg" og hann bætti við: „Þessir áströlsku monthanar eru ekki þess virði að hlusta á þá, ekki einu sinni þó að manni væri borgað fyrir það!"

Það er hætt við að þessi gagnrýnandi iðrist nú heldur betur stóryrðanna, því að á þeim fáu mánuðum, sem liðnir eru síðan þau voru rituð, hafa Men At Work náð þeim árangri að verða vinsælasta nýja rokkhljómsveitin á árinu 1983, þeir hafa unnið til Grammy-verðlaunanna bandarísku sem bestu nýlistamennirnir, selt yfir 6 milljónir af albúmi sínu Business As Usual, sem var frumraun þeirra í plötuútgáfu, og komist í efstu sæti vinsældalista Bandaríkjanna og Bretlands samtímis með plötu sína Down Under.

Á þessari stundu eru þeir á 7 mánaða löngu hljómleikaferðalagi, sem hófst í Japan, síðan lá ferðin til Bandaríkjanna, Bretlands, um Evrópu og Norðurlönd (eins og alkunna er komu þeir fram sem upphitunarhljómsveit fyrir David Bowie á viðfrægum tónleikum hans í Gautaborg í sumar). Ferð þessari lýkur ekki fyrr en í september.

Hljómsveitina skipa 5 náungar frá Melbourne, Colin Hay, Greg Ham og Jerry Speiser, allir 29 ára gamlir, John Rees, sem er 31 árs, og Ron Strykert, 26 ára gamall, sem sagt allir heldur í eldri klassanum miðað við rokktónlistarmenn, sem eru að hefja feril sinn. Það er fleira ólíkt með þeim og öðrum nýbökuðum rokkhetjum. Þrír þeirra, þeir Greg, John og Colin eru háskólagengnir. Ron aftur á móti vann sem gjaldkeri í banka. Allir eru þeir ógiftir. Þeir leggja mikla áherslu á að þeir séu lítið gefnir fyrir áfenga drykki og eiturlyf, þeir líti svo á, að þeir séu í strangri vinnu, enda beri nafnið á fyrsta albúmi þeirra þess vott, en það nefna þeir, sem fyrr segir Business As Usual.

Þeir félagar kunna vel að meta frægðina, sem þeir njóta nú. Að vísu eru til á henni skuggahliðar, eins og þær að vera álitnir skrýtnir, ef þeir taka sér fyrir hendur einfalda hluti, eins og kaupa sér sína mjólk sjálfir. – Þá segir fólk: Þetta getur ekki verið hann, hann hlýtur að hafa þjón til að gera svona nokkuð, segir Greg, sem oftast hefur orð fyrir þeim félögum og slær gjarna á létta strengi.

Nafnið á hljómsveitinni varð til, þegar þeir fengu í fyrsta skipti samning um að koma fram. Þá leist þeim svo á, að loks væru þeir komnir í vinnu! En þeir hafa starfað saman undanfarin fjögur ár, svo að ekki er hægt að segja, að frægðin hafi vitjað þeirra á einni nóttu.

# DRAUGAGANGURINN KOM EKKI AÐ TILÆTLUÐUM NOTUM

■ Undarleg, ógnvekjandi hljóð að næturlagi í litla einbýlishúsinu í Suður-Frakklandi voru um það bil að gera Claudetta Brumelot viti sínu fjær af hræðslu. Og ekki bætti það úr skák, þegar maður hennar upplýsti hana um, að framin hefðu verið fjöldamorð nákvæmlega á þeim stað, sem húsið var síðar reist. Claudette pakkaði niður í einum grænum og flúði heim til mömmu.

En gamla konan hafði ekki trú á draugum og grunaði, að ekki væri allt með felldu. Hún fékk leynilögregluþjón til liðs við sig og bað hann að kanna málið.

Fljótlega kom í ljós hvers kyns var. Eiginmaðurinn var kominn með aðra konu í takið og átti með henni ljúfar stundir í húsinu um nætur. En til að konan hans hefði hvorki kraft né skynsemi til að fylgjast með háttalagi hans, útbjó hann þessi óhljóð, sem konan hans var svo upptekin af, að hún sinnti ekki öðrum. Með því að flæma hana úr húsinu gerði hann sér vonir um að halda því fyrir sjálfan sig.

En málið fór á annan veg. Claudette fékk skilnað og helming eignanna, eins og vera ber.

## viðtal dagsins

### Skúlptúr-myndasýning að Kjarvalsstöðum

# „VERK MÍN ERU FYRST OG FREMST ÓHLUTLÆG",

## — segir Hallsteinn Sigurðsson myndlistarmaður


■ Um þessar mundir stendur yfir að Kjarvalsstöðum hér í Reykjavík sýning á verkum Hallsteins Sigurðssonar myndlistarmanns, og stendur sýning hans til 28. ágúst n.k. Hallsteinn er 38 ára gamall og lauk námi við Myndlista- og handíðaskólann 1966 og var síðan við framhaldsnám í St. Martin's School of Art 1969-1972. Tíminn náði tali af Hallsteini þar sem hann var staddur að Kjarvalsstöðum og var hann spurður nánar út í sýningu sína þar og fyrri sýningar.

Þú hefur haldið oft áður sýningar, er ekki svo?

„Jú, ég hélt nokkrar einkasýningar hér í Reykjavík á árunum 1971-1972, einnig að Korpúlfsstöðum 1975, og í F.Í.M.-salnum 1980. Einnig hef ég áður sýnt hér að Kjarvalsstöðum 1981 og einnig tekið þátt í samsýningu Myndhöggvarafélagsins 1974, 1978 og 1979. Þá hef ég tekið þátt í útisýningum á Skólavörðuholti 1967 og 1968 og sýningunni Ungir myndlistarmenn 1973. Erlendis hef ég sýnt á sýningunni Young Artists '73 í New York, í Bergen 1975, Sveaborg í Finnlandi 1978, Middelheim Biennal í Antwerpen 1979 og í sýningu norskra myndhöggvara í Osló 1980."

Hvernig myndir þú lýsa verkum þínum?

„Verkum mínum myndi ég fyrst og fremst lýsa sem óhlutlægum, því þær hafa ekki neina ákveðna skírskotun til einhverrar sögu eða veruleika eins og hjá svo mörgum öðrum myndlistarmönnum. Eins og sést þegar verk þessi eru skoðuð, kemur í ljós, að þau eru eitthvað sem kalla mætti línur í rími, eða leikur að rími. Verkin spanna yfir ákveðið rúmtak en eru ekki massíft form, og í stað þess að byggja upp massa í verkunum



■ Hallsteinn Sigurðsson myndlistamaður við eitt verka sinna, „Adam og Eva." Tímamynd Árni Sæberg